



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Rauðaborg



2021 – 2022

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra mat Rauðaborgar 2020-2021	4
3	Umbótaáætlun 2021-2022	7
4	Ytra mat	9
5	Starfspróunarsamtöl og fræðsla.....	9
6	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	10
7	Foreldrasamvinna	11
8	Skipulagsdagar 2021-2022	11
9	Umsögn foreldraráðs	12
10	Fylgiskjöl.....	12



1 Greinargerð leikskólastjóra

Veturinn 2020-2021 einkenndist að miklu leyti af samkomutakmörkunum og öllu sem fylgdi Covid-19. haustið 2020 fór vel af stað, með öflugum starfmannahópi, sem var tilbúinn að takast á við ögranir lífsins og vinna að fyrirfram ákveðnum markmiðum.

Ingibjörg Kristleifsdóttir var verkefnastjóri hjá okkur fram að áramótum og var hennar starf fólgið í að aðstoða okkur við innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur og þróunarverkefnið okkar „Kveikjum áhugann“.

Einnig hélt Ingibjörg utan um gerð samskiptasamnings starfsmanna Rauðaborgar sem undirritaður var í upphafi árs 2021. (Sjá fylgiskjal #2)

Haustönnin nýttist vel í þessa vinnu, rætt var í nokkrum teyrum um þau verkefni sem tengdust þessari vinnu og stjórnaði Ingibjörg því, sá um teymisfundi og skráningar.

Þegar verkefni Ingibjargar var lokið hjá okkur, tók undirrituð við boltanum til að halda teymisvinnunni áfram. Það varð þó ekki af því, þar sem Dagbjört leikskólastjóri fór í veikindaleyfi um miðjan janúar og sagði svo upp starfinu. Ég tók við starfi leikskólastjóra tímabundið og kem til með að gegna því starfi a.m.k. til loka árs 2021.

Vorönnin fór af þessum ástæðum öðruvísi en áætlað hafði verið. Teymisvinnan hefur ekki haldið áfram, en stefnt er að því að með haustinu verði hún endurvakin.

Um áramót hófst stytting vinnuvikunnar í Rauðaborg eins og í öllum leikskólum Reykjavíkurborgar. Undirbúningsvinna og skipulagning hafði staðið yfir frá hausti og gekk sú vinna nokkuð vel. Starfsfólk samþykkti með atkvæðagreiðslu að fara í 4 tíma vinnustyttingu

Síðan í janúar hef ég verið að kynnast nýju starfi og sá starfsmannahópur sem hér verður við störf starfsárið 2021-2022, er tilbúinn að halda áfram að vinna að því að koma á jafnvægi í starfinu okkar eftir miklar breytingar síðan haustið 2019.

Áfram ætlum við að vinna að því að innleiða menntastefnuþættina okkar, halda áfram að vinna í þróunarverkefninu og leggja áherslu á að jákvæð samskipti og að góður starfsandi einkenni starfsmannahópin okkar.

Einkunnarorð Rauðaborgar verða líka höfð að leiðarljósi hér eftir sem hingað til, en þau eru:

Gleði: jákvæðni, umhyggja, bros og hrós.

Virðing: kurteisi, tillitsemi, vinátta, hlustun og skilningur.



Sjálfsefling: frumkvæði, traust og hvatning.

Það verður gott að geta tekið á móti foreldrum aftur inn í leikskólann, við finnum að við og foreldrar þurfum á því að halda að vera í nánari tengslum dags daglega og foreldrar hafa talað um hvað þeir sakna þess að geta ekki komið inn og dvalið lengur í leikskólanum.

2 Innra mat Rauðaborgar 2020-2021

Innra mat fer jafnóðum fram í leikskólastarfinu. Á deildarstjórafundum og deildarfundum, á skipulagsdögum og starfsmannafundum eru þættir í starfinu ræddir og teknar ákvarðanir um breytingar og þróun eftir því sem við á. Á skipulagsdegi í mars svöruðu starfsmenn nokkrum spurningum varðandi innra starfið, samstarf og áherslupætti varðandi Menntastefnuna. Niðurstöðurnar munu hafa áhrif á umbótaáætlun 2021-2022.

Hvað gekk vel í Rauðaborg?

Starfsfólk var sammála um að hópurinn hefði staðið vel saman á oft erfiðum tímum. Meiri hlutinn taldi skipulag starfsins gott og það væri jákvætt þegar flæðið væri alls ráðandi.

Hvað má gera betur í Rauðaborg?

Flestir nefndu meira samtal um starfið, meiri samvinnu og samtal í garðinum og meiri og betri samskipti milli deilda. Einnig var talað um of mikinn hávaða á ganginum og að samskiptin mættu vera hlýlegri. Einnig kom fram að flæðið mætti ganga betur og nokkrir nefndu fleiri skipulögð verkefni í minni hópum.

Hvað gekk vel á deildinni?

Allflestir voru ánægðir með samvinnu og skipulag á deildum.

Hvað má gera betur á deildum?

Nokkur munur var á milli deilda þar sem á Hreiðri var helst talið að bæta þyrfti flokkun leikfanga. Á Lyngi má bæta samvinnu og samskipti og halda betur utan um flæðið. Á Laufinu þarf að skoða betur skipulagið eftir hádegi og stefna að því að elstu börnin gleymi sér lengur í leik.

Hvað er skemmtilegast í starfinu?

Nokkuð mikill samhljómur var í svörum starfsmanna hvað þeim þykir skemmtilegast að því leyti að flestir nefndu að vera með börnin í minni hópum hverju sinni. Annars vegar nefndi fólk skipulögð



verkefni eins og hópastarf, spila, hreyfistundir o.fl. og hins vegar að vera með börnum í flæði, samræðum, útivist o.fl. þh.

Hvað er erfitt í starfinu?

Nánast allir sögðu það vera erfitt þegar vantar fólk, ýmist vegna veikinda og einnig þegar starfsfólk er í vinnustyttingu. Flestir nefndu líka margt covid tengt sem hefði verið erfitt.

Hvernig gengur eftir 13:30 / 14:30 – undirbúningstími deildarstjóra?

Um þetta eru skiptar skoðanir, ýmist gengur vel eða mætti ganga betur og þá er helst talað um að losarabragur væri á starfinu. Einnig að það mætti ekki við miklu svo allt yrði erfiðara.

Hvernig er að fá hlutafólk inn vegna styttingar eftir hádegi?

Flestir voru sammála um að það væri gott að fá inn óþreytt starfsfólk, en það skipti miklu máli að setja fólk vel inn í starfið og ekki mætti gleymast að uppfræða þetta starfsfólk betur hvernig fyrripartur dagsins hefði gengið.

Samskipti í Rauðaborg:

Flestir eru sammála um að samskipti séu góð en alltaf megi gott bæta.

Samskipti á deildum:

Langflest fasta fólkið er sammála um að samskipti á deildum séu góð. Starfsfólk tekur fram að það ríki gleði og starfið sé faglegt. Á Lyngi er oftast nefnt að þau megi samt bæta samskiptin. Hlutastarfsfólk nefnir einnig oftast að samskipti megi bæta.

Foreldrar inn í leikskólann eða ekki?

Skiptar skoðanir eru á því hvort betra er að fá foreldra inn í leikskólann eða ekki (vegna covid). Fram kom að sumir söknuðu samskipta við foreldra og því fylgdi meiri vinna að taka á móti börnunum við útidyrnar. Aðrir nefndu ákveðinn létti og að sum börn ættu auðveldara með að kveðja við dyrnar.



Samskiptasamningur:

Ekki eru allir starfsmenn meðvitaðir um samskiptasamninginn og hefur hann þá ekki haft áhrif á starfið. Þeir sem eru meðvitaðir um samninginn telja hann jákvæða breytingu sem hafi haft áhrif á að fólk vandar sig betur í starfi.

Fagmennska og samstarf:

Starfsfólk var ánægt með fræðslu og aukna þekkingu varðandi fagmennsku. Fram kom hjá nokkrum að næstu skref þyrftu að vera sniðin að því að útfæra fræðsluna betur í hversdaginn í leikskólanum. Varðandi samstarfið nefndu nokkrir að gæta þyrfti þess að sýna fólki traust.

Sjálfsþróun?

Starfsfólk var varfærið að tjá sig varðandi sjálfsþróun. Nokkrir töldu sig ekki hafa náð utan um það en hver og einn yrði að æfa sig og sýna þrautseigju. Mikill meirihluti tók fram neikvæð covid áhrif varðandi þennan þátt.

Virkni og þátttaka barna?

Flestir töldu sig betur meðvitaða um gildi virkni og þátttöku barna í leikskólastarfinu. Fram kom að starfsfólk hefur bætt við sig þekkingu á því hvernig leikur og þroski haldast í hendur. Einnig nefndi fólk að næsta skref væri að fá meiri fræðslu og verkfæri til að nýta þekkinguna í starfið með börnunum.

Hvað má bæta?

Það sem starfsfólk telur að megi bæta má draga saman í þrjá meginþætti:

- meiri og betri samskipti milli deilda, ekki síst varðandi flæðið
- skoða hvernig auka megi virkni barna í hversdeginum og leggja meiri áherslu á lýðræði barna
- meiri jákvæðni og hvatningu og hrós til starfsmanna og milli starfsmanna sjálfra

Mat á umbótaáætlun 2020-2021

Eins og fram kom í innra mati telur starfsfólk vel hafa tekist varðandi fræðslu og meiri þekkingu sem leitt hefur til ýmissa úrbóta. Þar telur helst flæðið sem smám saman er að festa sig í sessi, tilfærsla á leikefni og útbúinn matsalur. Allt eru þetta þættir sem eru undir smásjá og í stöðugri endurskoðun.

Teymisvinna hófst strax á haustmánuðum þar sem allir starfsmenn voru þátttakendur og komst góður skriður á. Um áramótin urðu aðstæður þannig að þessi vinna lagðist af og er markmiðið að taka teymisvinnuna aftur upp haustið 2021 og gefa henni gott pláss í umbótaáætlun 2021-2022.

Upplýsingaflæði hefur verið bætt í gegnum miðla þar sem bæði upplýsingar og myndir fylgja. Deildarstjórar senda reglulega tölvupósta og leikskólastjóri er vakandi fyrir því að upplýsa foreldra vel og reglulega um það sem skiptir máli.

3 Umbótaáætlun 2021-2022

Sjálfsþing og fagmennska

Markmið með umbótum: er að styrkja starfsmannahópinn í faglegu starfi, bæta samskipti og virkja mannauðinn.

Aðgerðir til umbóta: samið verður við menntafyrirtækið KVAN um fræðslupakka sem felur í sér þætti sem snerta bæði starfsmannahópinn og barnahópinn með samstarf og starfsgleði í fyrirrúmi.

Teymisvinna sem hófst haustið 2020 undir verkefnastjórn Ingibjargar Kristleifsdóttur verður endurvakin og reglulegir teymisfundir verða allan veturinn. Nýliðafundur verður haldinn að hausti.

Fenginn verður fyrirlestur og meiri fræðsla um flæðið frá leikskólanum Rauðhól með það að leiðarljósi að Rauðaborg finni sinn eigin takt í flæðinu. Fyrirlestur um opinn efnivið verður haldinn af Sigurbaldri Frímannssyni í haust og skyndihjálparnámskeið frá Vinnuvernd verður haldið fyrir alla starfsmenn í september. Að auki verður efni frá Menntastefnumóti námsefni starfsmanna í undirbúningstímum og á deildarfundum.

Tímaáætlun: verkefnið mun standa allt starfsárið

Ábyrgðaraðili: Stjórnendur

Endurmat: mun fara fram á deildarfundum, skipulagsdögum og starfsmannafundum með aðkomu allra starfsmanna. Á skipulagsdegi 16. mars munu starfsmenn svara spurningakönnun.

Viðmið um árangur: að starfsmenn séu ánægðir og stoltir af starfi sínu og geti sagt frá starfi Rauðaborgar í nokkrum orðum.

Lýðræði barna

Markmið með úrbótum: er að börnin í Rauðaborg upplifi sig sem virka þátttakendur í leikskólageginum og að þau hafi áhrif á umhverfi sitt. Í því felst m.a. að taka tillit, hinkra við, hjálpast að og virða hvert annað.

Aðgerðir til umbóta: fenginn verður fyrirlestur um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. KVAN mun leggja sín lóð á vogarskálarnar. Lögð verði áhersla á að starfsfólk temji sér að nota opnar spurningar í samtölum við börnin. Börnin velja nokkrar vettvangsferðir að hausti og kjósa um hvert er farið hverju



sinni. Út frá ferðunum verður mikið rætt og spjallað auk þess sem útbúið verður blað í leikskólamöppuna.

Tímaáætlun: verkefnið mun standa allt starfsárið

Ábyrgðaraðili: deildarstjórar

Endurmat: fer fram reglulega yfir veturinn og sérstaklega eftir hverja vettvangsferð. Börnin meta verkefnið með því að rifja ferðirnar upp að vori og gefa þeim umsögn.

Viðmið um árangur: börnin upplifa að þau hafi áhrif og að þeirra álit skiptir máli. Þau eru ófeimin við að tjá sig og eru auk þess tilbúin að hlusta á rök annarra.

Vináttuverkefni Barnaheilla - Blær

Verkefnið hófst 2018, en hefur legið í dvala. Það verður endurvakið og unnið allan veturinn.

Markmið með úrbótum: er að styrkja vináttuna, læra að setja sig í spor annarra og tjá sig með orðum.

Tímaáætlun: verkefnið mun standa allt starfsárið

Ábyrgðaraðili: deildarstjórar

Endurmat: fer fram reglulega yfir veturinn á deildarfundum auk þess sem verkefnið verður metið sameiginlega á matsfundi í mars.

Viðmið um árangur: börnin eru vingjarnleg og hjálpsöm og það ríkir góður skólabragur í Rauðaborg.

Lubbi finnur málbein

Málörvunarverkefnið Lubbi finnur málbein hefur verið viðloðandi Rauðaborg í mörg ár en hefur sést minna undanfarið. Skólaárið 2021-2022 verður Lubbi hresstur við og kemur í reglulegar heimsóknir á allar deildir.

Markmið með úrbótum: að auka hljóðkerfisvitund og tjáningu barnanna

Tímaáætlun: verkefnið mun standa allt starfsárið

Ábyrgð: deildarstjórar

Endurmat: fer fram reglulega yfir veturinn á deildarfundum auk þess sem verkefnið verður metið sameiginlega á matsfundi í mars.

Viðmið um árangur: bætt hljóðkerfisvitund og góð samræðulist

Þróunarverkefni í hreyfingu

Leikskólar í Árbæ og Norðlingaholti ásamt íþróttafélaginu Fylki fengu B-styrk úr Þróunar- og nýsköpunarsjóði Skóla- og frístundaráðs. Markmið þess er að stuðla að vellíðan og heilbrigði og á eftir að skipuleggja það í smáatriðum, en börn og starfsmenn í Rauðaborg munu taka þátt.

4 Ytra mat

Starfsmannakönnun

Uppúr áramótum 2021 fór fram starfsmannakönnun á vegum Reykjavíkurborgar. Niðurstöður meðaltals allra þátta hjá Rauðaborg eru lægri en 2020 eða 3.83, en árið 2020 var talan 4.1. Munar mestu um þáttinn árangursríkir stjórnunarhættir sem 2020 mældust 4.42, en lækkuðu í 3.53 2021. Aðrir þættir eins og hæfir og áhugasamir starfsmenn, starfsánægja og hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi eru lítið eitt lægri en árið 2020. Neðst mælast þættir sem snúa að álagi í starfi. Tekið verður tillit til niðurstöðu úr starfsmannakönnun við gerð umbótaáætlunar en gera má ráð fyrir að stytting vinnuviku hafi áhrif á álagsþáttinn.

Foreldrakönnun

Foreldrakönnun fór fram í mars 2021. Svarhlutfall var 82%. Heildarniðurstaða var 4.22 sem er heldur lægra en viðmið frá árinu 2019 þar sem heildarniðurstaðan var 4.62.

Einn þáttur sker sig úr og lækkar meira en aðrir. Nú mælist þátturinn: leikskólinn leitar til foreldra eftir tillögum og hugmyndum 2.89 en var árið 2019 3.52. Langverandi fjarvera foreldra vegna covid spilar þar trúlega inn í. Aðrir þættir hafa örlítið dalað og má leiða líkum að því að áhrifa covid gæti víða í samvinnu við foreldra enda kemur það ítrekað fram í opnum svörum þeirra.

5 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Deildarstjórar taka tvö snerpuviðtöl við starfsfólk á sinni deild. Í samtölunum er rætt um tækifæri til vaxtar og starfsþróunar, auk þess sem starfsmenn hafa gott tækifæri til að ræða við sinn yfirmann um



Það sem þeim liggur á hjarta. Leikskólastjóri hittir alla starfsmenn að vori þar sem aðallega er rætt um líðan á starfsstað, starfsanda og hugmyndir og tillögur starfsmanna um framhaldið.

Ingibjörg Kristleifsdóttir leikskólakennari var verkefnastjóri í Kveikjum áhugann, verkefni sem byggir á Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Ingibjörg var í tímavinnu á haustmánuðum. Hún stýrði teymisvinnu, hélt utan um gerð samskiptasamnings og var starfsfólki og stjórnendum til halds og trausts í daglegu starfi. Bjartur Guðmundsson frammistöðupjálfari og leikari kom tvisvar yfir veturinn með námskeiðið: Óstöðvandi liðsandi fyrir allt starfsfólk. Aðstoðarleikskólastjóri fór á námskeið fyrir sérkennslustjóra auk þess sem hún lauk Forystunáminu. Einn starfsmaður fór á atferlipjálfunarnámskeið. Allur starfshópurinn tók þátt í Menntastefnumóti 10.5.2021.

6 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Markmið með samstarfinu er:

Að koma á og styrkja samstarf milli leik- og grunnskóla og skapa samfellu í námi barnanna.

Stuðla að því að gagnkvæmur skilningur sé á störfum kennara á mismunandi skólastigum.

Að auðvelda börnunum þær breytingar sem fylgja flutningi úr leikskóla í grunnskóla.

Áætlun vetrarins:

- Samráðsfundur að hausti.
- Heimsókn barna úr 1. bekk Selásskóla í Rauðaborg í haust.
- Heimsókn elstu barna úr Rauðaborg í Selásskóla; Kynning á skólanum, sögustund í bókasafni skólans í desember.
- Aðgangur að íþróttahúsi skólans á frídögum hans.
- Aðgangur að bókasafni skólans allan veturinn.
- Skólaheimsókn að vori þar sem börnin úr Rauðaborg sitja tvær kennslustundir, fara í frímínútur og borða nesti. Þau fá einnig að sitja kennslustund í tónlist og myndmennt og frístundarheimilið Víðisel er þar að auki heimsótt á vorönn.
- Skilafundur með stjórnendum og kennurum skólanna varðandi þau börn sem eru að hefja grunnskólagöngu í maí.

Heimahagar:

Er samstarf leikskólanna Heiðarborgar, Rauðaborgar og Blásala og Selásskóla í Reykjavík um nýtingu og samvinnu á grenndarsvæði skólastiganna. Teymi kennara sem vinnur saman, miðlar reynslu og



eflir fagmennsku á sviði útináms. Unnið verður að því að brúa bilið milli skólastiga og efla tengsl á milli nemenda leik- og grunnskóla innan hverfis og auka vellíðan og ánægju nemenda í námi sínu.

Þetta verkefni sem byrjaði sem þróunarverkefni stuðlar að eflingu samvinnu og tengsla leikskólanna og grunnskólans í Seláshverfi. Samstarfshópur kennara í grunn- og leikskólum í Seláshverfi vinnur að sameiginlegum markmiðum um nýtingu á grenndarskógi eða Heimahögum skólanna. Með þessu móti er einnig verið að auka þekkingu nemenda á eigin umhverfi og efla virðingu þeirra fyrir náttúrunni og sögu hverfisins.

7 Foreldrasamvinna

- Í **foreldraráði** eru þrír foreldrar. Fyrirséð er að a.m.k. tveir þeirra víki og því þarf að fá nýja í þeirra stað á komandi haust
- Kynningarfundur fyrir foreldra nýrra barna verður í ágúst. Í október verða morgunfundir fyrir foreldra hvernar deildar fyrir sig.
- **Foreldrasamtöl** eru í nóvember og febrúar, foreldrum allra barna er fundinn tími, reiknað er með hálf tíma fyrir hvert barn. Ef þurfa þykir að hafa fleiri foreldrasamtöl er það gert í samráði við foreldra.
- **Foreldrafélag** er starfandi. Tilgangur þess er m.a. að efla tengsl barna og foreldra og styðja við ákveðna starfsemi í leikskólanum. Hefð er fyrir því að foreldrafélagið standi fyrir vorhátíð ár hvert og sjái um skemmtiatriði og samverur með börnum utan leikskólatíma m.a. sundferðir, skógarferðir, piparkökumálun og gönguferðir. Tengiliður er í foreldrafélaginu frá leikskólanum.
- Deildarstjórar og stjórnendur senda foreldrum reglulega póst með ýmsu sem foreldrar geta haft bæði gagn og gaman af. Með því móti gefst foreldum tækifæri til að hafa áhrif og koma hugmyndum sínum á framfæri.

8 Skipulagsdagar 2021-2022

Skipulagsdagar eru 6 á hverju skólaári,

þeir verða: mánudaginn 13.09 2021, þriðjudaginn 12. 10 2021, föstudaginn 19.11 2021,

mánudaginn 7. 02 2022, miðvikudaginn 16.03 2022, föstudaginn 27.05 2022.

Sameiginlegir dagar með Selásskóla eru 12.10.2021, 19.11. 2021 og 27.05. 2022.



9 Umsögn foreldraráðs

Heilt á litið er foreldraráð ánægt með starfsáætlun Rauðaborgar. Starfsemi leikskólans ber þess merki að starfsfólk hefur mikinn metnað fyrir starfi sínu og hefur áhuga á að gera enn betur og lagfæra hnökra sem komið hafa upp á síðastliðnu ári. Síðasta ár hefur verið mjög krefjandi sökum heimsfaraldurs Covid-19, fyrir starfsfólk, börn, foreldra og þjóðfélagið allt. Það hefur verið aðdáunarvert að fylgjast með því faglega starfi sem átt hefur sér stað innan leikskólans á þessum erfiðu tímum og aðlögunarhæfni starfsfólks. Viðmót starfsfólks gagnvart foreldrum, forráðamönnum og börnum er gott og virðist börnunum almennt líða vel í leikskólanum. Foreldrakönnunin kom almennt vel út þó svo að einn þáttur skori töluvert lægra en áður og er foreldraráð sammála leikskólastjóra um að ástæður þess megi án efa rekja til Covid-19. Starfsmannakönnunin kom einnig vel út þó svo að einhver atriði megi skoða betur í framhaldinu.

Umbótaáætlun 2021-2022 er metnaðarfull og er ætlað að styrkja starfsmannahópin í faglegu starfi, bæta samskipti og virkja mannauðinn og er foreldraráð ánægt með þær áherslur sem fram koma í áætluninni. Má þar t.d. nefna að samið verður við menntafyrirtækið KVAN um fræðslupakka sem felur í sér þætti sem snerta bæði starfsmannahópin og barnahópin með samstarf og starfsgleði í fyrirrúmi. Þá verður teymisvinna sem hófst á síðasta ári endurvakin auk þess sem Blær, vináttuverkefni Barnaheilla verður tekið upp aftur, en verkefnið hófst árið 2018 og hefur legið í dvala undanfarið. Málörvunarverkefnið Lubbi finnur málbein verður einnig endurvakið auk þess sem frekara samstarfi á milli leik- og grunnskóla verður komið á í þeim tilgangi að skapa samfellu í námi barnanna á mismunandi skólastigum.

Foreldraráð Rauðaborgar telur starfsemi Rauðaborgar til fyrirmyndar og þakkar starfsfólki vel unnin störf á liðnu ári.

10 Fylgiskjöl

#1 Skóladagatal Rauðaborgar 2021-2022

#2 Samskiptasamningur Rauðaborgar





Rauðaborg, 30. júní 2021,

Unnur Hermannsdóttir og Sigrún Birgisdóttir
Leikskólastjórar



Samstarfssamningur Rauðaborgar unninn 2020

Gleði og jákvæðni

Heiðarleiki

Traust

Hugmyndaauði

Virðing

Umburðalyndi

Fagmennska

- Við sýnum samkennd, hlustum og bjóðum fram aðstoð okkar
 - Við komum jákvæð í vinnuna og tökumst á við daginn með bros á vör
 - Við viðurkennum eigin tilfinningar og annarra
-
- Við erum tilbúin að takast á við áskoranir dagsins þegar við mætum í vinnuna
 - Við erum tilbúin að sýna samstarfsfólki okkar foreldrum og börnum athygli og áhuga
 - Við erum tilbúin að grípa hvert annað
-
- Við stöndum saman
 - Við hlustum og þorum
 - Við erum dugleg að hrósa
 - Við segjum það strax en veljum stað og stund
 - Við erum gagnrýnin á uppbyggilegan hátt
-
- Við erum opin fyrir nýjum hugmyndum og leyfum okkur að gera mistök
 - Við treystum öðrum til að gera nýja hluti ræða þá og erum tilbúin til að prófa
 - Við erum jákvæð í að nota/nýta hugmyndir annarra.

Leikskóladagatal 2021 - 2022

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ												
1	S		1	M		1	F		1	M	Fullveldisdagurinn	1	L	Nýársdagur	1	Þ		1	Þ	Sprengidagur	1	F	Dagur einhverfunnar	1	S	Verkalýðsdagurinn	1	M				
2	M	Frídagur verslunarmanna	2	F		2	L		2	Þ		2	F		2	S		2	M		2	M	Öskudagur	2	L		2	M		2	F	
3	Þ		3	F		3	S		3	M		3	F		3	M		3	F		3	F		3	S		3	Þ		3	F	
4	M		4	L		4	M		4	F		4	L		4	Þ		4	F		4	F		4	M		4	M		4	L	
5	F		5	S		5	Þ		5	F		5	S		5	M		5	L		5	L		5	Þ	Barnamenningarhátíð	5	F		5	S	Hvítasunnudagur
6	F		6	M		6	M		6	L		6	M		6	F	Prettándinn	6	S	Dagur leikskólans	6	S		6	M	Barnamenningarhátíð	6	F		6	M	Annar í Hvítasunnu
7	L		7	Þ		7	F	Foreldrakaffi	7	S		7	Þ		7	F		7	M	Skipulagsd.-Leikskólarást.	7	M	Foreldraviðtöl	7	F	Barnamenningarhátíð	7	L		7	Þ	
8	S		8	M	Dagur læsis	8	F		8	M	Baráttudagur gegn einelti	8	M		8	L		8	Þ		8	Þ	Foreldraviðtöl	8	F	Barnamenningarhátíð	8	S	Mæðradagurinn	8	M	
9	M		9	F		9	L		9	Þ		9	F		9	S		9	M		9	M	Foreldraviðtöl	9	L	Barnamenningarhátíð	9	M		9	F	
10	Þ	Rauðaborg opnar	10	F		10	S		10	M		10	F	Aðventukaffi	10	M		10	F		10	F	Foreldraviðtöl	10	S	Barnamenningarhátíð Pálmasunnudagur	10	Þ		10	F	
11	M		11	L		11	M		11	F		11	L		11	Þ		11	F	Dagur íslenska táknmálsins	11	F		11	M		11	M		11	L	
12	F		12	S		12	Þ	Skipulagsdagur-sameiginl.	12	F		12	S		12	M		12	L		12	L		12	Þ		12	F		12	S	Sjómannadagurinn
13	F		13	M	Skipulagsdagur	13	M		13	L		13	M		13	F		13	S		13	S		13	M		13	F		13	M	
14	L		14	Þ		14	F		14	S		14	Þ		14	F		14	M		14	M	Dagur stærðfræðinnar	14	F	Skírdagur	14	L		14	Þ	
15	S		15	M		15	F		15	M		15	M		15	L		15	Þ		15	Þ		15	F	Föstudagurinn langi	15	S		15	M	
16	M	Aðlögun nýrra barna hefst	16	F	Dagur íslenskrar náttúru	16	L		16	Þ	Dagur íslenskrar tungu	16	F	Jólaball	16	S		16	M		16	M	Skipulagsdagur	16	L		16	M		16	F	Kveðjuhátíð elstu barna
17	Þ		17	F		17	S		17	M		17	F		17	M		17	F	Vetrarleyfi grunnskóla	17	F		17	S	Páskadagur	17	Þ		17	F	Lýðveldisdagurinn
18	M		18	L		18	M	Foreldraviðtöl	18	F		18	L		18	Þ		18	F	Vetrarleyfi grunnskóla	18	F		18	M	Annar í páskum	18	M		18	L	
19	F	Fundur f. foreldra nýrra barna	19	S		19	Þ	Foreldraviðtöl	19	F	Skipulagsdagur-sameiginl.	19	S		19	M		19	L		19	L		19	Þ		19	F		19	S	
20	F		20	M		20	M	Foreldraviðtöl	20	L	Dagur mannréttinda barna	20	M		20	F		20	S	Konudagur	20	S		20	M		20	F		20	M	
21	L		21	Þ		21	F	Foreldraviðtöl	21	S		21	Þ	Þorramatur-Bóndadagur-karlakaffi	21	F		21	M	Konukaffi	21	M		21	F	Sumardagurinn fyrsti	21	L		21	Þ	
22	S		22	M		22	F	Vetrarleyfi grunnskóla	22	M		22	M		22	L		22	Þ		22	Þ		22	F		22	S		22	M	
23	M	Skólasetning grunnskóla	23	F		23	L	Fyrsti vetrardagur	23	Þ		23	F	Þorláksmessa	23	S		23	M		23	M		23	L		23	M		23	F	
24	Þ		24	F		24	S		24	M		24	F	Aðfangadagur jóla	24	M		24	F		24	F	Foreldrakaffi	24	S		24	Þ		24	F	
25	M		25	L		25	M	Vetrarleyfi grunnskóla	25	F		25	L	Jóladagur	25	Þ		25	F		25	F		25	M		25	M		25	L	
26	F		26	S	Evrópski tungumáladagurinn	26	Þ	Vetrarleyfi grunnskóla	26	F		26	S	Annar í jólum	26	M		26	L		26	L		26	Þ		26	F	Uppstigningardagur	26	S	
27	F		27	M		27	M	Alþjóðlegi bangsadagurinn	27	L		27	M		27	F		27	S		27	S		27	M		27	F	Skipulagsdagur-sameiginl.	27	M	
28	L		28	Þ		28	F		28	S		28	Þ		28	F		28	M	Bolludagur	28	M		28	F		28	L		28	Þ	
29	S		29	M		29	F		29	M		29	M		29	L					29	Þ		29	F		29	S		29	M	
30	M		30	F		30	L		30	Þ		30	F		30	S					30	M		30	L		30	M		30	F	
31	Þ				31	S			31	F	Gamlársdagur	31	M								31	F				31	Þ					

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfelt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.